

**Ed.**

**96. Frumvarp til laga**

[77. mál]

um breyting á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvonna, nr. 16 24. apríl 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Aftan við 17. gr. bætist:

Einnig er heimilt að taka í sjóðinn hjúkrunarkonur, sem starfa að félagsmálum hjúkrunarkvonna á vegum Hjúkrunarfélags Íslands, enda séu ráðningarkjör þeirra hin sömu og hjúkrunarkvonna, sem starfa við hjúkrun hjá öðrum aðilum en opinberum aðilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjúkrunarfélag Íslands hefur farið þess á leit við stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvonna, að hjúkrunarkonu, sem vinnur á skrifstofu félagsins að félagsmálum hjúkrunarkvonna, verði veittur aðgangur að lífeyrissjóðnum. Telur félagið þetta mikið hagsmunaaatriði, því erfitt geti reynzt að fá hjúkrunarkonur til vinnu fyrir félagið, ef þær þurfi að afsala sér lífeyrissjóðsréttindum, meðan þær starfi hjá félaginu.

Þá vísar félagið einnig máli sínu til stuðnings til þess, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fékk sams konar réttlindi fyrir starfsmenn sína með lögum nr. 23/1967.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur fyrir sitt leyti fallizt á sjónarmið félagsins og mælt með, að breyting þessi verði gerð.